

6. Frumvarp

til laga um framlenging á gildi laga um verðtoll.

(Lagt fyrir alþingi 1933).

Lög nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll á nokkrum vörum, svo og lög nr. 5, 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, skulu gilda til ársloka 1934.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á síðasta þingi voru lögín um verðtoll framlengd til ársloka 1933. Með því að ekki verður séð, að rikissjóður megi missa neitt af tekjum þeim, sem nú eru lögboðnar, þykir óhjákvæmilegt, að lögín verði lätín gilda til ársloka 1934.